

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Grímsárirkjun.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarfelli, 18. júní 2003.

F.h. hreppsnefndar,

Guðbjartur Gunnarsson oddviti.

REGLUGERÐ

um útreikning gjaldþols váttryggingafélaga.

1. gr.

Í reglugerð þessari er að finna nánari útfærslu á útreikningi fjárhæða skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og fjárhæða skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Fjárhæðir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna skulu taka breytingum í fyrsta skipti þann 20. september 2003 og síðan hinn 31. desember ár hvert, í fyrsta skipti þann 31. desember 2004, í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem birt er af Hagstofu Íslands frá gildinu 111,2 og breytingar á opinberu viðmiðunargengi evru, miðað við grunnengi 85 kr.

Framreiknaðar fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu hækkaðar upp í næstu fjárhæð sem er deil-anleg með 10 milljónum.

Sé breyting vísitölnunnar innan við 5% frá síðustu endurskoðun skulu fjárhæðir ekki taka breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 98. gr., sbr. og 1. mgr. 33. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Með reglugerð þessari er innleidd í íslenskan rétt grein 20 a í tilskipun 2002/12/EB og grein 17 a í tilskipun 2002/13/EB sem teknar voru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002 með breytingu á IX. viðauka samningsins.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 494 22. júlí 1997 um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.